

Nr. 20-081 S 056 Jökull SK 16**Sekkur í höfn**

Skipaskr.nr. 0288
Útgerð: Gamli og synir ehf
Smíðaður: Þýskaland, 1959, eik.
Stærð: 79,05 bt. 76,1 brl.
Mesta lengd: 25,64 m Skráð lengd: 23,15 m
Breidd: 5,74 m Dýpt: 3,04 m
Vél: Caterpillar, 493 kW, 1987.
Fjöldi skipverja: 0



Jökull © Ragnar Pálsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 22. október 2020 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. ágúst 2020 var Jökull SK 16 við landfestar í Hafnarfjarðarhöfn. Veður: NNV 3 m/s.

Kl. 17:48 varð vakthafandi hafnarvörður var við að slagsíða var kominn á Jökul sem lá við Óseyrarbryggju og væri hann við það að sökkva. Utan á Jökli lágu Þorsteinn ÞH 115 og Gullfari HF 290. Um kl. 18:35 var Jökull sokkinn við bryggjuna en Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kom á vettvang skömmu síðar. Sett var flotgirðing kringum bátinn og unnið við að hreinsa upp olíu sem kom frá honum. Þann 20. ágúst var bátinum lyft upp.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn hafði legið við bryggju í Hafnarfjarðarhöfn í fimm ár en haffærissskírteini hans rann út 6. febrúar 2015. Báturinn var ótryggður;
- að báturinn var landtengdur og lensidælur í lagi að sögn eiganda;
- að Þorsteinn ÞH og Gullfari HF voru ekki í hættu við að dragast niður með bátinum þar sem festar milli bátanna voru nægilega langar;
- að eftir atburðinn var myndavélakerfi hafnarinnar skoðað og mátti þá sjá að báturinn var orðinn siginn í sjónum þremur dögum fyrir atvikið;
- að sögn hafnaryfirvalda höfðu þau oft haft samband við eiganda bátsins þegar þeim fannst hann vera siginn vegna regnvatns sem safnaðist upp þegar ekki var lensað reglulega;
- að þegar búið var að taka bátinn upp og dæla úr honum reyndist enginn leki vera að honum. Ekki fannst skýring á því af hverju hann sökk.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.